

## Umsókn um stækkun lóðar við Skipagötu 15.

Svæðið liggur að bílastæði og garði húseiganda. Stór og breiður trjárinni aðskilur svæðið við næstu lóð, Tangagötu 4. Fyrrum húseigendur að Tangagötu 4 voru með svæðið í fóstri, sáu um að slá það og settu þar grjót fyrir börn að leika. Umsækjandi hefur séð um þessa lóð eftir að nýir eigendur komu að Tangagötu 4, hefur slegið það reglulega og hirt, enda liggur þetta svæði betur að því húsi.



Íbúar að Skipagötu 15 ganga ætíð frá Tangagötu inn í húsið og leggja þar bifreiðinni og er einnig ruslið hirt þeim megin. Húseigandi hefur í huga að setja ruslatunnugeymslu á þetta svæði við hlið innkeyrslunnar, sem einfaldar losun töluvert á veturna fyrir gámabílinn þar sem núverandi staðsetning krefst mikils moksturs þegar snjóar ásamt því að þröng aðkoma er að tunnum ef bíl er lagt í innkeyrsluna.



Að öðru leyti yrði svæðið nýtt sem stækkun á núverandi garði, hugsanlega afgirt með runna eða girðingu á þeirri hlið sem snýr að innkeyrslunni. Óskað er því eftir að þetta svæði verði bætt við núverandi lóð sem fylgir Skipagötu 15 og núverandi lóðarleigusamningur uppfærður.

